

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Baldvins Benedikts- 111
sonar, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af ráðherra Íslands 31. okt. 1913. 31. okt.
Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Minningarsjóð Baldvins Benediktssonar.

1. gr.

Sjóðurinn er gefinn sjúkrahúsinu á Brekku í Fljótsdal af Baldvin Benediktssyni, fyrverandi bónda á Þorgerðarstöðum í Fljótsdal, til styrktar fátækum sjúklingum úr Fljótsdalshreppi til sjúkrahússvistar á sjúkrahúsinu á Brekku í Fljótsdal. Sjóðurinn heitir »Minningarsjóður Baldvins Benediktssonar« og er að upphæð kr. 200,00 — tvö hundruð krónur.

2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands, og skulu allir vextir leggjast við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn 500 kr.

3. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 500 kr., legst árlega aðeins $\frac{1}{3}$ af rentum við höfuðstólinn, en $\frac{2}{3}$ hlutum skal varið árlega til styrktar einhverjum fátækum sjúklingum úr Fljótsdalshreppi til sjúkrahússvistar á Brekku.

4. gr.

Sjóðurinn stendur að öllu leyti undir stjórn og yfirráðum sjúkrahússtjórnar Brekkusjúkrahúss og hjeraðslæknis sama hjeraðs, og úthlutast styrkurinn í ársbyrjun hvert ár.

Reikningur sjóðsins skal birtur í Stjórnartíðindunum 5 hvert ár, eftir að farið verður að úthluta styrknum.

5. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Brekku í Fljótsdal, 20. júlí 1913.

Stjórn sjúkrahússins á Brekku.

Hjeraðslæknir Fljótsdalshjeraðs.